

Umhverfisóhapp (bráðamengun)

Samkvæmt áhættumati sem unnið er á grundvelli laga nr. 33/2004 eru það einungis olíur á svæði Norðuráls sem falla undir þær skilgreiningar sem taldar eru upp í viðauka II með lögnum og hafa í för með sér bráðamengun á hafi eða ströndum.


Komi upp bráðamengunarhætta innan álvers Norðuráls á Grundartanga sem valdið getur hættu utan álverslóðarinnar skal kalla til neyðarstjórn. Hún ber ábyrgð á samræmingu viðbragða Norðuráls á Grundartanga og ytri viðbragðsaðila. Ytri viðbragðsaðilar eru eftirfarandi:

- **Neyðarlínan 112.**
- **Umhverfisstofnun** ber ábyrgð á viðbrögðum við mengun á landi, í lofti og á sjó utan hafnarsvæða eftir fyrstu viðbrögð og þegar engin hættu staðjar lengur að fólki.
- **Hafnarstjóri** ber ábyrgð á viðbrögðum við mengun á sjó innan hafnarsvæða.
- **Vettvangsstjóri almannavarna** ber ábyrgð á ytri viðbrögðum og öryggi almennings.

Neyðarstjórn stýrir aðgerðum innan starfssvæðis Norðuráls á Grundartanga og ber ábyrgð á því að ytri viðbragðsaðili hafi ávallt nýjustu upplýsingar um framvindu atburða innan álverslóðarinnar. Neyðarstjórn skal strax upplýsa um hvaða efni er um að ræða og gefa upplýsingar um eiginleika efnanna og þær hættur sem þau geta valdið viðbragðsaðilum. Þær upplýsingar er að finna í öryggisskýrslu og á öryggisblöðum viðkomandi efna. Mynd 3-1 sýnir frárennsli svæða í sjó.

Aðgerðastjóri almannavarna er alfarið ábyrgur fyrir upplýsingagjöf til almennings í samræmi við SÁBF verkþáttaskipurit almannavarna sbr. kafla 5.2.1 í kennsluriti almannavarna um skipulag, uppsetningu og framkvæmd aðgerða vegna slysa.

Neyðarstjórn Norðuráls á Grundartanga er ábyrg fyrir því að koma réttum upplýsingum til aðgerðastjóra almannavarna.



Mynd 3-1: Öryggisteikning – Frárennsli

Gátlisti 3-1: Viðbragðsáætlun vegna umhverfisóhappa

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN VEGNA UMHVERFISÓHAPPA – gátlisti		
Þegar umhverfisfrávik uppgötvast skal sá sem uppgötvar frávikið tafarlaust vinna að því að lágmarka áhrif og leiðrétta það sem aflaga er farið. Unnið skal samkvæmt meðfylgjandi gátlista.		Viðbragðsupplýsingar
A	Rekstur þurrhreinsivirkja kerskála stöðvast	
1	Rekstrarstöðvun þurrhreinsivirkja skal tilkynnt tafarlaust til vaktstjóra kerskála. <i>Hér er um að ræða stöðvun á þurrhreinsivirkjum á meðan rekstur kerlína er í gangi.</i> <i>Ef stöðvun er vegna rafmagnsleysis eða annars sem orsakar að kerlínur stöðvast einnig á sama tíma er losun lítil og unnið skal eftir áætlun um gangsetningu kerlínu eftir stöðvun þurrhreinsivirkja.</i>	A-Vakt: XXX XXXX B-Vakt: XXX XXXX C-Vakt: XXX XXXX D-Vakt: XXX XXXX Liðstjóri: XXX XXXX
2	Vaktstjóri eða liðstjóri gerir viðhaldsmönnum á vakt viðvart tafarlaust.	Vélv. XXX XXXX Rafv. XXX XXXX
3	Viðhaldsmenn greina hver bilunin er og hefja undirbúning endurræsingar þurrhreinsivirkjanna. Öðrum viðbragðsteymum skal gert viðvart ef nauðsyn krefur. Sú ákvörðun er tekin í samráði við vaktstjóra. i. Bakvakt ii. Háspennuteymi	Bakv.vélv.: XXX XXXX Bakv.rafv.: XXX XXXX Háspenna: XXX XXXX
4	Endurræsing þurrhreinsivirkis skal hefjast eins fljótt og auðið er.	
5	Vaktstjóri skal stöðva vinnu í viðkomandi kerskála á meðan stöðvun þurrhreinsivirkis varir. Hann skráir atvik í ábendingakerfi Norðuráls.	
6	Sé þurrhreinsivirki úr rekstri í meira en 2 klst. skal Neyðarstjórn Norðuráls virkjuð . Upplýsa skal Umhverfisstofnun um stöðu mála með tölvupósti.	ust@ust.is
7	Sé þurrhreinsivirki úr rekstri í meira en 3 klst. skal Norðurál upplýsa búfjáreigendur í Hvalfjarðarsveit og Kjósarhreppi samkvæmt grein 2.7 í starfsleyfi.	
8	Sérfræðingur umhverfismála tryggir að atvikið sé skráð í ábendingakerfi og sendir tilkynningu í tölvupósti til Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Hvalfjarðarsveitar þegar umfang er ljóst.	ust@ust.is heilbrigðiseftirlit@vesturland.is hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is
B	Efnisleki olíu- eða spilliefna	
1	Efnisleki tilkynntur: i. Tilkynna til vaktstjóra viðkomandi svæðis ef vart verður olíuleka/spilliefnaleka innanhúss eða á plönum utan bygginga. Vaktstjóri stýrir aðgerðum á staðnum. ii. Tilkynning til vaktstjóra kerskála ef um önnur útsvæði er að ræða. iii. Komi upp mengunarhætta innan lóðar sem valdið getur bráðamengunarhættu utan álverslóðarinnar (100 lítrar eða meira) skal tafarlaust hringja í 112 (Viðbragðsstig 2, sjá bls.12). iv. Vaktstjóri virkjar Neyðarstjórn Norðuráls en hún ber ábyrgð á samræmingu viðbragða Norðuráls á Grundartanga og ytri viðbragðsaðila.	Við hættu á bráðamengun Sími: 112 Neyðarsími hreinsibíla vegna olíuslyss: XXX XXXX
2	Stöðva frekari efnisleka og hindra útbreiðslu: i. Stöðva leka, sé hann enn til staðar. ii. Stöðva útbreiðslu efnis sem lekið hefur niður. Koma í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, sjó/vatn eða jarðveg. iii. Skerma svæði af til að varna því að ekið sé í gegnum svæðið þar sem efnisleki er.	Loka niðurföllum með mottum. Aðgengilegar í merktum skáp við þvottastöð.
3	Hreinsa upp olíu- eða spilliefni: i. Nota ísogsklúta/ísogsefni til að ná utan um dreifingu olíu/spilliefna. ii. Mögulegt að nota einnig mold, sand eða sambærilegt efni. iii. Moka upp og koma fyrir í spilliefnailáti. iv. Farga sem spilliefni hjá viðurkenndum aðila.	Ísogsefni er aðgengilegt í merktum skáp við þvottastöð. Viðbótarefni á lager. Vörunúmer: Ísogsklútar: 1000027966 Ísogsefni (sandur): 1000023114 Spilliefnakör eru aðgengileg við verkstæði og sorggámasvæði.
4	Þrif eftir að mest af efninu hefur verið fjarlægð: i. Steypt og malbikuð svæði: 1. Sápa er notuð til hreinsa olíubletti – nota takmarkað magn. 2. Ekki skal skola sápu í fráveitukerfi heldur nota ísogsklúta/ísogsefni til að hreinsa hana upp. 3. Safna saman og farga sem spilliefni hjá viðurkenndum aðila. ii. Malarsvæði	Sápa aðgengileg á þvottastöð. Ísogsklútar: 1000027966 Ísogsefni (sandur): 1000023114 Spilliefnakör aðgengileg við verkstæði og á gámasvæði austan kranaverkstæðis.

	<p>1. Fjarlægja skal mengaðan jarðveg við fyrsta tækifæri til að takmarka útbreiðslu.</p> <p>2. Farga sem spilliefni hjá viðurkenndum aðila.</p>	
5	Vaktstjóri skráir umhverfisfrávik í ábendingakerfi	
6	Sérfræðingur umhverfismála tilkynnir til Umhverfisstofnunar, Faxaflóahafna og heilbrigðiseftirlita ef olía eða spilliefni fer í fráveitukerfi, ef ekki er um bráðamengunarhættu að ræða.	
C	Efnisleki þurrefna	
1	<p>Efnisleki tilkynntur:</p> <p>i. Tilkynnt vaktstjóra viðkomandi svæðis ef vart verður efnisleka innanhúss eða á plönunum utan bygginga. Vaktstjóri stýrir aðgerðum á staðnum.</p> <p>ii. Tilkynnt vaktstjóra kerskála ef um önnur útisvæði er að ræða.</p>	
2	<p>Stöðva frekari efnisleka og hindra útbreiðslu:</p> <p>i. Stöðva leka, sé hann enn til staðar.</p> <p>ii. Stöðva útbreiðslu efnis sem lekið hefur. Koma í veg fyrir að efni berist í niðurföll, sjó/vatn eða jarðveg.</p> <p>iii. Skerma svæði af til að varna því að ekið sé í gegnum svæði þar sem efnisleki er.</p>	
3	<p>Hreinsa upp þurrefni:</p> <p>i. Við þurrar aðstæður – nota ryksugur og vélsópa þar sem hægt er. Annars skófla og kústa og efni sett í kar.</p> <p>ii. Við blautar aðstæður (t.d. utandyra í rigningu) – nota ryksugu þar sem hægt er, annars moka efni í kar.</p> <p>iii. Ef nauðsyn krefur skal fá bíl frá Hreinsitækni. Ákvörðun tekin í samráði við vaktstjóra.</p> <p>3. Lágmarka losun efnis í fráveitu.</p>	<p>Hreinsitækni: Neyðarsími fyrir þurrsugubíl: XXX XXXX Neyðarsími fyrir götusópun: XXX XXXX</p>
4	<p>Losun uppsafnaðs efnis:</p> <p>i. Hvítt efni (Hreint súráll, flúor, raflausn) – losað í hlöðu efnisvinnslu.</p> <p>ii. Svart efni (kolefni, uppsóp) – losað í flæðigryfju.</p> <p>Blandað efni og blautt hvítt efni – losað í flæðigryfju.</p>	
5	Vaktstjóri skráir umhverfisfrávik í ábendingakerfi.	